# Re: 202109120 - Ósk um umsögn, skólphreinsivirki við Melshorn

| | |
|---|---|
| Búið til | 23.11.2021 15:23:50 |
| Höfundur | Snorri Sigurðsson |
| Sent | 23.11.2021 15:23:50 |
| Tilheyrir | 202111-0011 - Skólphreinsivirki við Melshorn á Egilsstöðum, ósk um umsögn. |

---

## Efni

Re: 202109120 - Ósk um umsögn, skólphreinsivirki við Melshorn

## Upplýsingar / Vinnsla

| Upplýsingar | | Vinnsla | |
|---|---|---|---|
| Sent | 23.11.2021 15:23:50 | Staða | Imported |
| Eigandi | | Tímamörk | |
| Skjalalykill | 42-0 Umsagnir almennt | | |
| Lykilorð | | | |

## Þátttakendur

| | |
|---|---|
| Frá | Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is) |
| Til | soley.valdimarsdottir@mulathing.is |

## Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202111-0011 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Múlaþings, dags. 5. Nóvember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um vinnslutillögu deiliskipulags vegna lóðar undir skólphreinsivirki við Melshorn á Egilsstöðum.

Náttúrufræðistofnun skilaði umsögn til Skipulagsstofnunar um matsskyldu fyrirhugaðrar hreinsunar frárennslis á Egilsstöðum og í Fellabæ þann 15. nóvember 2018 en eftir að áformum um hreinsun var breytt á þann veg að stefnt verði að tveggja þrepa hreinsun þótti ekki ástæða til að framkvæmdin færi í mat á umhverfisáhrifum og úrskurðaði Skipulagsstofnun á þá vegu þann 7. febrúar 2019.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn með vinnslutillögunni og gerir engar athugasemdir. Lóðin er á svæði sem nú þegar er töluvert raskað og er ræktað tún að stórum hluta. Eins og kom fram í umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsskylduna mun fráveitulögnin sem liggur frá skólphreinsivirkinu til Lagarfljóts raska gróðurlendi nær Lagarfljóti að litlu leyti, en það er ekki til umfjöllunar í þessari deiliskipulagstillögu.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

......................................................................................................................
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8,  220 Garðabær.
Sími/Tel:  (354) 5 900 500.           www.ni.is (http://www.ni.is/)

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Sóley Valdimarsdóttir" <soley.valdimarsdottir@mulathing.is>
**To:** "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "Þuríður Elísa Harðardóttir" <thuridur@minjastofnun.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Brunavarnir á Austurlandi" <baa@eldvarnaeftirlit.is>; "Heilbrigðiseftirlit Austurlands" <haust@haust.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "isavia@isavia.is" <isavia@isavia.is>; "fiskistofa" <fiskistofa@fiskistofa.is>; "Gunnar Jónsson" <gunnar.jonsson@mulathing.is>
**CC:**
**Subject:** 202109120 - Ósk um umsögn, skólphreinsivirki við Melshorn
**Date:** 5.11.2021 12:05:42

Góðan daginn,

óskað er eftir umsögn um vinnslutillögu deiliskipulags vegna lóðar undir skólphreinsivirki við Melshorn á Egilsstöðum.

Greinagerð og uppdráttur eru í viðhengi.

Umsagnir óskast sendar á skipulagsfulltrui@mulathing.is (mailto:skipulagsfulltrui@mulathing.is) fyrir **25. nóvember nk.**

Bestu kveðjur,

Sóley Valdimarsdóttir

Ritari á umhverfis- og framkvæmdasviði

Sveitarfélagið Múlaþing

(354) 4 700 748

soley.valdimarsdottir@mulathing.is
(mailto:soley.valdimarsdottir@mulathing.is)

www.mulathing.is
(http://www.mulathing.is/)

## Viðhengi

| |
|---|
| image001.gif  (3 KB) |
| image002.png  (5 KB) |